



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P/39/398
komudagur 25.11.2010

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
Eiríkur Áki Eggertsson
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. nóvember 2010 02-2010110643
T-ums 72/10

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara - 206. mál, þskj. 225.

Ríkisskattstjóri hefur þann 18. nóvember 2010 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að markmið þess sé að eyða þeirri óvissu sem ríkt hefur um uppgjör á þeim lánum sem hafa að geyma ákvæði um gengistryggingu sem Hæstiréttur lýsti óskuldbindandi í dómi sínum frá 16. september sl. Í frumvarpinu er m.a. að finna ákvæði um uppgjörsgreglu sem á við hafi skuldari greitt af skuld með ólögumætum vaxta- og verðtryggingarákvæðum.

Ríkisskattstjóri gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins en leyfir sér að benda á að ætla verðu að einstaklingar og lögaðilar hafi hagað framtalsskilum sínum í samræmi við þær greiðslur sem þeir hafa innt af hendi af umræddum lánum. Þannig hafa einstaklingar fengið vaxtabætur á grundvelli framtalinna vaxtagjalda og eftirstöðva skulda og lögaðilar að sama skapi gjaldfært í rekstri sínum vaxtagjöld og gengistap.

Í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 200. mál, sem lagt hefur verið fram á Alþingi er að finna svohljóðandi ákvæði:


„Við endurreikning á gengistryggðum húsnæðis- og bílalanum í lán í íslenskum krónum, sbr. dóm Hæstaréttar frá 16. júní 2010 þar sem gengistryggðir bílasamningar voru dæmdir ólögmetir, skulu inneignarvextir skuldara sem ákvarðaðir eru af þessum sökum á árunum 2010 og 2011 ekki teljast til fjármagnstekna. Endurútreikningur afborgana og vaxta af þessum sökum skal hvorki hafa áhrif á áður ákvarðaðar vaxtabætur né barnabætur hvort sem er til hækkunar eða lækkunar nema skattaðili fari fram á endurákvörðun þeirra skv. 2. mgr. 101. gr.“


Verði framangreint ákvæði samþykkt á Alþingi hefur löggjafinn þannig tekið afstöðu til þess hvernig fara skuli með endurgreiðslur til manna á árunum 2010 og 2011 í skattalegu tilliti. Framangreindu ákvæði virðist eingöngu beint að mönnum utan rekstrar enda er að finna sérreglu fyrir lögaðila og sjálfstætt starfandi menn í 8. mgr. a-liðar 1. gr. laga nr. 104/2010, um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum. Í því ákvæði kemur

fram að sé skilmálum í samningi um lán sem tengjast rekstri lögaðila og sjálfstætt starfandi manna breytt með þeim hætti að endurgreiðsla miðist við íslenskar krónur í stað erlends gjaldmiðils teljist það vera skilmálabreyting láns en ekki eftirgjöf skuldar í skilningi laganna, þótt uppreiknaður höfuðstóll sé leiðréttur til lækkunar, enda sé breytingin gerð á málefnalegum forsendum og lánskjörum breytt í kjör sem eru almennt í boði við sambærilegar aðstæður. Sama á við ef breyting er gerð á viðmiðunarvísitölu verðtryggðra lána, eða hluti af uppreikningi höfuðstóls verðtryggðra lána er felldur niður. Ennfremur kemur fram að séu gerðar breytingar á uppreiknuðum eftirstöðvum lána, sbr. 1. og 2. másl., ber rekstraraðila að leiðrétta áður gjaldfærðan fjármagnskostnað til samræmis.

Í samræmi við framangreint er það skilningur ríkisskattstjóra að ekki eigi að ráðast í endurreikning vaxta- og barnabóta hjá mönnum vegna umræddra endurgreiðslna sem inntar verða af hendi 2010 og 2011 en að rekstraraðilar þurfi að leiðrétta áður gjaldfærðan kostnað til samræmis við niðurstöðu úr endurreikningi. Ástæða er til að vekja athygli á að með þessu ákvæði er þannig verið að ákveða að forsendur til ákvörðunar vaxtabóta séu hærri vextir en í reynd eru greiddir og í einhverjum tilfellum hærri eftirstöðvar skuldar en í raunin er eftir endurreikning. Ríkisskattstjóri telur það umhugsunarvert að málum verði skipað á þennan veg þar sem hætt sé við að jafnræði gjaldenda raskist.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þórðarson


Guðrún J. Jónsdóttir